

## SKÓGRÆKT Í LANDI ENGIMÝRAR Í ÖXNADAL

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 2. nóvember 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá landeigendum á Engimýri um fyrirhugaða skógrækt í landi Engimýrar í Öxnadal, Hörgársveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.06 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hörgársveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skógrækt í landi Engimýrar, Hörgársveit. Fyrirspurn um matsskyldu. Landeigendur á Engimýri, nóvember 2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hörgársveit með tölvubréfi dags. 18. desember 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 2. janúar 2018.
- Landsneti með tölvubréfi dags. 4. desember 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 7. desember 2018.
- Skógræktinni með tölvubréfi dags. 10. desember 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. desember 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 11. desember 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að rækta upp nytjaskóg með aðaláherslu á timburframleiðslu. Svæðið sem um ræðir er ca 117 ha og áætlað er að gróðursetja um 300.000 plöntur. Reiknað er með að gróðursetningartíminn verði um 10 ár en ræktunaráætlun verður ekki gerð fyrir en búið er að afla allra leyfa. Fram kemur að svæði sem ekki verði gróðursett í séu svæði undir rafliðum, umhverfis fornminjar, mýrlendi og önnur svæði sem ekki komi til greina í skógrækt. Samkvæmt grófri ræktunaráætlun er gert ráð fyrir að rækta lerki og birki á svæðinu sem liggur nyrst. Næst því er svæði þar sem lerki, stafafura, birki og greni verður gróðursett. Í efsta hluta brekkunnar, sem liggur austast á svæðinu, er gert ráð fyrir að gróðursetja birki og í syðsta svæðið er gert ráð fyrir að gróðursetja alaskaösp. Í jaðarinn á samningssvæðinu verður blönduð gróðursetning til að mýkja ásýnd svæðisins. Þegar á heildina er litið verða gróðursettar 177.000 plöntur sem þurfa um 1,8 tonn af áburði, ekki er þörf á áburði á um 123.000 plöntur.



### **Rafmagnslínur**

Fram kemur að Rangárvallalína 1 liggir í gegnum fyrirhugað skógræktarsvæði og að önnur smærri lína liggir að mestu meðfram gamla þjóðveginum. Framkvæmdaraðili segir að tillit verði tekið til helgunarsvæða raflína og að forðast verði að rækta hávaxnar trjátegundir innan helgunarsvæða.

Landsnet bendir á í umsögn sinni að vegna staðhátta í Öxnadal sé þröngt um lagnaleiðir og því óhjákvæmilegt að skoða áform um skógrækt og lagnaleið í samhengi og með hliðsjón af staðsetningu Rangárvallalínu 1 sem nú liggur um svæðið. Landsnet telur mikilvægt að tekið sé tillit til áforma um Blöndulínu 3 frá Blönduvirkjun til Akureyrar þrátt fyrir að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um legu eða útfærslu aðalvalkostar. Bent er á að helgunarsvæði fyrir 220 kV loftlínur sé 65-85m og að helgunarsvæði fyrir 220 kV jarðstreng sé á milli 14-18 metrar með 3 metra athafnasvæði hvoru megin svæðis að auki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að landeigendur muni fara að ábendingum Landsnets og taka tillit til núverandi og fyrirhugaðra raflína á fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Munu landeigendur hafa nánara samstarf með Landsneti þegar skógrækt hefst á Engimýri.

## **4 UMHVERFISÁHRIF**

### **Gróður**

Fram kemur að grunnkortlagningu á svæðinu sé ekki lokið að hálfu Skógræktarinnar vegna þess að ekki sé búið að ganga frá skógræktarsamningi. Samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar skiptist fyrirhugað skógræktarsvæði í um 31 ha af graslendi, 2 ha af melum og sandlendi, 11 ha af moslendi, 45 ha af mólendi, 6 ha af votlendi og 21 ha af öðrum landgerðum. Votlendi verður afmarkað sérstaklega við grunnkortlagningu og ekki verður gróðursett í þau.

### **Ásýnd og landslag**

Fram kemur að fyrirhuguð skógrækt sé á flatlendi við þjóðveg 1 og það verði lögð áhersla á að láta skóginn falla vel að landslagi. Það verði gert með því að láta línur í landslagi ráða útmörkum skógarins.

### **Menningarminjar**

Fram kemur að farið hafi fram fornminjaskráning á svæðinu árið 2008 og að 4 skráðar minjar séu inni á framkvæmdasvæðinu og verði þær afmarkaðar og ekki gróðursett í nágrenni við þær.

### **Vatnsverndarsvæði**

Fram kemur að skógræktarsvæðið sé á fjarsvæði vatnsverndar en tré gegni því hlutverki að miðla vatni og vernda það. Skógur geti þannig þjónað hlutverki í jarðvegsvernd með síun og hreinsun vatns og tré geti einnig dregið í sig mikið vatn í gegnum rætur og þar með gert vatnabúskap stöðugri en ef skóg væri ekki að finna á svæðinu.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Þó að í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sé gert ráð fyrir að skógrækt, í tengslum við Norðurlandaskógaverkefni, verði ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum telur Skipulagsstofnun eðlilegt að gerð verði breyting á aðalskipulaginu vegna umfangs fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og þeirra breytinga sem ræktun trjáa mun hafa á ásjón svæðisins.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar skv. 13. gr. skipulagslaga.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða fyrirhugaða skógrækt í landi Engimýrar í Öxnadal, Hörgársveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.06 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar og sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni er verið að breyta ásjón svæðisins á Engimýri sem er að mestu leyti landbúnaðarland. Umfang skógræktarsvæðisins er nokkurt eða um 117 ha. Skógrækt er einnig byrjuð eða áætluð á nærliggjandi jörðum og ljóst að ásjón Öxnadals á eftir að breytast töluvert staðbundið frá fyrra horfi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eins og áður sagði er framkvæmdasvæðið nokkuð umfangsmikið og ljóst er að breyting verður á notkunarflokki jarðarinnar. Á svæðinu er að finna fornleifar, raflínur með helgunarsvæði og votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Í greinagerð kemur fram að ekki verði gróðursett í svæði sem njóta sérstakrar verndar, að tillit verði tekið til helgunarsvæða raflína og fornleifar sem séu á svæðinu verði afmarkaðar og ekki gróðursett nálægt þeim. Þrátt fyrir staðsetningu fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis innan vatnsverndarsvæðis telja Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og Skógræktin að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á vatnsvernd á svæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar áhrifa, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Áhrif fyrirhugaðrar skógræktar felast fyrst og fremst í ásjónarbreytingum í Öxnadal en að ásjón undanskilinni mun framkvæmdin hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á aðra þætti s.s. vatnsbúskap og útivist. Vegna núverandi og fyrirhugaðrar skógræktar á nærliggjandi lóðum er ljóst að sammögnunaráhrif verði töluverð á ásjón Öxnadals. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð skógrækt í landi Engimýrar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. febrúar 2019.

Reykjavík, 15. janúar 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson